

Nd. **484. Frumvarp til laga** [251. mál]

um ráðstöfun gengismunar í þágu sjávarútvegsins skv. lögum nr. 2/1975 og um ráðstafanir vegna hækkunar brennsluolíuverðs til fiskiskipa.

(Lagt fyrir Alþingi á 96. löggjafarþingi, 1974—75.)

1. gr.

Fé það, sem kemur á reikning ríkissjóðs, skv. ákvæðum 2. gr. laga nr. 2/1975 um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu, umfram greiðslu skv. 4. mgr. þeirrar lagagreinar, skal lagt í sérstakan gengismunarsjóð, sem varið skal í þágu sjávarútvegsins með eftirgreindum hætti:

- | | |
|--|----------|
| a. Til lífeyrissjóða sjómanna til þess að auka lífeyrisgreiðslu til aldradæra sjómanna | 75 m.kr. |
| b. Til þess að létta stofnfjáarkostnaðarbyrði eigenda fiskiskipa, sem orðið hafa fyrir gengistapi vegna erlendra og gengistryggðra skulda með skilyrðum sem ráðuneytið setur | 950 — |

Gert er ráð fyrir, að greiðslur samkvæmt þessum lið fari fram á þremur árum frá 14. febrúar 1975 að telja. Sjávarútvegsráðu-

neytinu er heimilt að ráðstafa allt að 400 m.kr. af heildarfjárhæð samkvæmt þessum lið til lánveitinga í sjávarútvegi til 2—3ja ára til að bæta lausafjárstöðu eigenda fiskiskipa og vinnslustöðva.	
c. Til Fiskveiðasjóðs Íslands til þess að greiða fyrir lánveitingum sjóðsins til tækjakaupa og endurbóta á eldri fiskibátum. Fé þetta greiðist Fiskveiðasjóði sem óafturkræft framlag	300 —
d. Til að bæta eigendum fiskiskipa það tjón sem þeir verða fyrir, er skip þeirra eru dæmd ónýtt enda sé tjónið ekki bætt með öðrum hætti	50 —
e. Til Olíusjóðs fiskiskipa til þess að jafna greiðsluhalla hans fram til 15. febrúar 1975	80 —
f. Til Tryggingasjóðs fiskiskipa til þess að bæta greiðslustöðu hans	100 —
g. Til Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, deildar fyrir afurðir síldar- og fiskimjölsverksmiðja, til greiðslu verðbóta vegna loðnumjöls og fiskmjöls á vetrarvertíð 1975	50 —
h. Til rannsókna og styrkveitinga vegna fiskiskipa, sem breyta vélbúnaði sínum til þess að geta nýtt svartöflu í stað gasöflu sem orkugjafa	10 —
i. Til orlofshúsa sjómannasamtakanna	12 —
j. Eftirstöðvar til ráðstöfunar samkvæmt nánari ákvörðun sjávarútvegsráðuneytisins.	

Sjávarútvegsráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessarar greinar og greiðslutíma framlaga.

2. gr.

Auk sérstaks útflutningsgjalds til Olíusjóðs fiskiskipa skv. 4. gr. laga nr. 106/1974 skal greiða til Olíusjóðs viðbótargjald af f.o.b.-verði sjávarafurða, sem framleiddar eru eftir 15. febrúar 1975, sem hér segir:

- a. 4% af f.o.b.-verði útfluttra sjávarafurða, annarra en þeirra sem getið er í b. og c. lið þessarar greinar svo og lagmetis og þeirra afurða, sem koma frá hvalveiðum, selveiðum og hrognkelsaveiðum.
- b. 6% af f.o.b.-verði útflutnings á saltfiski.
- c. 2% af f.o.b.-verði útflutnings á loðnumjöli, loðnulýsi, fiskmjöli, karfamjöli, karfalýsi, humarmjöli, rækjumjöli, síldarmjöli og síldarlýsi.

Útflutningsgjaldið reiknast á sama hátt og annað útflutningsgjald af sömu vöru, og setur sjávarútvegsráðuneytið reglur um nánari framkvæmd á ákvæðum greinar þessarar.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Ákvæði c.-liðar 2. gr. skal eigi taka gildi fyrr en 1. október 1975 og ná til afurða, sem framleiddar eru eftir þann tíma.
2. Stjórn Verðjöfnunarsjóðs er heimilt að greiða framleiðendum loðnumjöls upp í verðbætur, sbr. 6. gr. laga nr. 72/1969, vegna birgða loðnumjöls frá loðnuvertíð 1975, sem ekki hafa verið fluttar út. Sjóðsstjórnin setur reglur um greiðslur þessar, að fengnu samþykki ráðherra.
3. Ákvæði b.-liðar 1. mgr. 2. gr. laga nr. 2 13. febrúar 1975, um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu, um 20% frádrátt vegna gengismunar, skulu taka til afurða framleiddra úr loðnu, sem landað hefur verið fyrir 16. febrúar 1975.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp það, sem hér liggur fyrir, felur í sér annars vegar ráðstöfun gengismunar í þágu sjávarútvegsins og hins vegar ráðstafanir vegna hækkunar brennsluoliuverðs.

Eins og jafnan fyrr, er tekju- og kostnaðaráhrifum gengisbreytingarinnar mjög misskipt milli greina sjávarútvegsins, þannig að gengislækkunin veldur sérlega miklum kostnaðarauka hjá útgerðinni en útflutningsgreinar njóta góðs af hagstæðum tekjuáhrifum gengislækkunarinnar. Þessi misskipting bætist ofan á það, að á síðustu misserum hafa viðskiptakjör útvegsins breyst mjög til hins verra, einkum vegna stórhækkaðs oliuverðlags og mikilla verðhækkana á veiðarfærum, auk þess sem greiðslubyrði erlendra lána hvílir þungt á öllum nýjum fiskiskipum, sem jafnframt hafa sum þegar átt í byrjunarörðugleikum. Allt orkar þetta til þess, að þörf er á ráðstöfunum innan sjávarútvegsins í kjölfar gengisbreytingarinnar og fiskverðshækkunarinnar 14. febrúar s.l. til þess að tryggja snurðulausan rekstur útvegsins á þessu ári. Frumvarp þetta er flutt í þessu skyni.

Með fiskverðshækkuninni 14. febrúar s.l. var einkum tekið mið af tvennu: Í fyrsta lagi að tryggja sanngjarna hækkun á aflahlutum sjómanna til samræmis við breytingar tekna annara stétta. Í öðru lagi að laga verðhlutföll milli fisktegunda og stærðarflokka að markaðsaðstæðum.

Afar ördugt er að meta nákvæmlega áhrif þessarar fiskverðsbreytingar á einstakar greinar útvegsins, en telja má nærri sanni að fiskverðshækkunin hafi að meðaltali orðið um 14.5%.

Fiskverðsbreytingin veldur um 1500 m.kr. hækkun á hráefniskostnaði fiskvinnslu á ári. Skipshlutturinn úr þessari hækkun er áætlaður um 900 m.kr., sem hrekkur skammt til þess að rétta stöðu útgerðarinnar, þegar þess er gætt, að hækkun oliuverðs, frá áramótum ein sér mun nema 1 000 m.kr. á heilu ári fyrir allan flotann.

Frumvarp þetta er flutt til þess að snúast við þessum vanda með tvennum hætti. Í fyrsta lagi er lagt til, að stærstum hluta gengismunar skv. lögum nr. 2/1975 verði varið til þess að greiða hluta gengistaps vegna erlendra skulda og til þess að létta stofnkostnaðarbyrði fiskiskipaflotans. Í öðru lagi er lagt til að tekjur Olíusjóðs fiskiskipa verði auknar frá því sem nú er með hækkun útflutningsgjalda til hans.

Þessar ráðstafanir eru að sjálfsögðu háðar þeim óvenjulegu aðstæðum, sem nú ríka um olíukostnað og annan aðfangakostnað útvegsins. Fari þessi kostnaður lækkandi síðar hlýtur tekjuöflun til olíusjóðs að koma til endurskoðunar.

Þeim útgjaldaauka, sem ákvæði þessa frumvarps valda fiskvinnslunni verður að einhverju leyti að mæta með rýmkun á gildandi reglum um verðjöfnun fyrir frystingu, en það heildarsvigrúm, sem gengisbreytingin gefur sjávarútveginum var vísitandi sett svo knappt, sem fært þótti.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með lögum nr. 2/1975 er kveðið á um myndun gengismunarsjóðs af birgðum sjávarafurða með hliðstæðum hætti og verið hefur við fyrri gengisbreytingar. Í 4. mgr. 2. gr. nefndra laga segir, að áður en umræddu fé er ráðstafað skuli greiða af því hækkunir á flutningskostnaði og öðrum sambærilegum kostnaði við útflutning vegna þeirra afurða, sem framleiddar hafa verið fyrir 15. febrúar 1975 en fluttar út eftir gengisbreytingu.

Taflan hér á eftir sýnir áætlun Seðlabanka Íslands um gengismun til ráðstöfunar í þágu sjávarútvegsins.

Áætlun um gengismun skv. lögum nr. 2/1975, um ráðstafanir vegna breytingar
á gengi íslenskrar krónu, 14. febrúar 1975.

	Stofn ¹⁾	Gengismunur
1. Birgðir sjávarafurða skv. birgðaskýrslum 15. febr. 1975	4 500	1 125
2. Ógreiddur útflutningur 15. febrúar 1975	2 874	719
		<hr/>
		1 844
3. Frá dregst, fragt og váttrygging af 1. og 2. og ófyrirséð ²⁾		200
		<hr/>
4. Til gengismunarsjóðs		1 644

Fé þessu verður varið eins og greinir í stafliðum a. til j.

Um a.-lið.

Við setningu hinna sérstöku laga nr. 2/1975 um ráðstafanir vegna gengisbreytingarinnar, lýsti forsætisráðherra því yfir, að ríkisstjórnin myndi beita sér fyrir því, að 75 m.kr. af gengismun yrði varið til eflingar lífeyrissjóða sjómanna, einkum til þess að styrkja getu þeirra til að greiða lífeyri þeim sjómönnum, sem lífeyrisgreiðslna eiga að njóta á þessu ári og næstu árum, og til annarra umbóta á lífeyrisrétti sjómannastéttarinnar. Þessi liður er til fullnustu þessa fyrirheits.

Um b.-lið.

Hækkun erlendra skulda útgerðarinnar vegna gengisbreytingarinnar kemur að hluta til strax fram á þessu ári. Gert er ráð fyrir að með þeim 950 m.kr. sem varið verður samkvæmt þessum lið til að létta stofnfjáarkostnaðarbyrði fiskiskipaeigenda vegna erlendra og gengistryggðra skulda, verði hægt að bæta gengistapið með um 6% á stofnupphæðina. Þar eð gert er ráð fyrir að öll gengistryggð lán hjá Fiskveiðasjóði njóti þessara bóta, má ætla að eigendur fiskibáta fái um 41% af heildarupphæðinni, en togareigendur um 59%. en þessar gengisbætur verði greiddar á þremur árum frá 14. febrúar að telja. Auk þessara greiðslna á gengistöpum af erlendum lánnum á árinu. Þá er sjávarútvegsráðuneytinu heimilað að ráðstafa á þessu ári allt að 400 m.kr. af heildarfjárhæð skv. þessum lið til lánveitinga í sjávarútvegi til 2—3 ára til að bæta lausafjárstöðu fyrirtækja. Gert er ráð fyrir, að sjávarútvegsráðuneytið setji nánari reglur um framkvæmd þessara lánveitinga.

Um c.-lið.

Vegna hinna miklu skuttogarakaupa og takmarkaðar getu Fiskveiðasjóðs af þeim sökum til þess að sinna öðrum aðkallandi verkefnum, þá er hér lagt til, að 300 m.kr. verði ráðstafað til Fiskveiðasjóðs, sem óafturkræfu framlagi, og verði því m. a. varið til lánveitinga til tækjakaupa og endurbóta á eldri fiskibátum. Er þess vænst, að þar með verði unnt að afgreiða slík lán jafnóðum og lánshæfar umsóknir berast.

Um d.-lið.

Sjávarútvegsráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

Um e.-lið.

Þegar löggin um Olfusjóð fiskiskipa voru sett á s.l. ári var ljóst, að héldist oliuverð óbreytt yrði greiðsluafkoma sjóðsins örðug. Að gengisbreytingunni 14.

1) Á eldra gengi.

2) Ófyrirséð eru afslættir og skaðabætur, sem gera má ráð fyrir eftir fyrri reynslu og er hér áætlað kr. 40 millj.

febrúar afstaðinni og með lagasetningu þessari er að því stefnt, að Olíusjóðurinn geti staðið undir greiðsluskuldbindingum sínum af eigin tekjum framvegis. Greiðslustaða hans um þessar mundir er örðug. Tillagan í e.-lið miðar að því að bæta úr þessu.

Um f.-lið.

Verulegur greiðsluhalli hefur myndast hjá Tryggingasjóði á síðustu mánuðum. Þannig var yfirdráttur sjóðsins hjá Seðlabankanum í febrúarlok 1975 121.1 m.kr. en var 61.8 m.kr. á sama tíma í fyrra. Mikil hækkun hefur nýlega orðið á iðgjöldum, og þótt greiðslureglum sjóðsins verði breytt þannig, að hann beri eitthvað lægra hlutfall iðgjalda en áður, er þörf á að styrkja fjárhag hans. Tillagan í f.-lið er við þetta miðuð.

Um g.-lið.

Vegna mikils verðfalls á loðnumjöli upp á síðkastið er nú hætta á, að innstæða loðnuafurða í Verðjöfnunarsjóði endist ekki til þess að gera fullnaðarskil á verðbótum sky. þeim reglum, sem settar voru fyrir vertíðina. Færi svo, kæmi þetta hart niður á þeim framleiðendum, sem sett hafa traust á þessar greiðslur við móttöku loðnu. Tillaga g.-liðar er til þess hugsuð að bæta úr þessu, en áætlað er að greiðslur út úr Verðjöfnunarsjóði gætu numið 350 m.kr. vegna loðnumjólis á þessari vertíð, en einhver innborgun af lýsi.

Um h.-lið.

Talið er að ná megi verulegum sparnaði í rekstri allmargra togara með því að breyta vélbúnaði þeirra þannig, að þeir geti brennt svartolíu í stað gasolíu. Hér er lagt til að ætla 10 m.kr til rannsóknna á þessu sviði og til þess að styrkja eigendur þessara skipa til slíkra breytinga.

Um i.-lið.

Með lögum nr. 106/1974 var ráðstafað 11 m.kr. til orlofshúsa sjómannasamtakanna. En sjómannasamtökin vinna nú að undirbúningi orlofshúsa á sínum vegum. Í ljós hefur komið, að æskilegt er að auka nokkuð við þetta fé til þess að það komi að gagni víða.

Um j.-lið.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 2. gr.

Ákvæði þessarar greinar miða að því að bæta útgerðarfyrirtækjum að nokkru stórhækkaðan rekstrarkostnað á síðustu misserum, einkum olíuverðhækkun. Í árslok 1974 var verð á gasolíu til ísl. fiskiskipa kr. 5.80 pr. lítra, 11. janúar hækkaði verðið í 8.20 og 19. febrúar hækkaði það í 11.70 pr. lítra. Þessi hækkun ein úr 5.80 í 11.70 veldur um 950—1 000 m.kr. útgjaldaauka hjá útgerðinni á heilu ári.

Í þessari grein er því lagt til, að tekjur Olíusjóðs verði auknar í því skyni að greiða niður olíuverð til fiskiskipa enn frekar en orðið er. Samkvæmt ákvæðum þessarar greinar hækkar það gjald, sem innheimt er af f.o.b.-verði útflutningsins og renna á til Olíusjóðs, sem hér segir:

- 1) um 4% af þeim afurðum, sem getið er um í a.-lið greinarinnar þ. e. einkum frystiafurðum, skreið og löndunum veiðiskipa erlendis.
- 2) um 6% af þeim afurðum, sem getið er um í b.-lið greinarinnar þ. e. af saltfiski.
- 3) um 2% af þeim afurðum, sem getið er um í c.-lið greinarinnar þ. e. af afurðum sildar- og fiskmjölsverksmiðja.

Ætla má, að tekjuauki Olíusjóðs samkvæmt ákvæðum þessarar greinar nemi um 1 450 m.kr. á heilu ári miðað við verðlagsáætlun í mars 1975. Áætlað er að inn-

heimst gæti á almanaksárinu 1975 um 1 100 m.kr., sem ætti að duga til að bera uppi muninn á olíuverði kr. 5.80 pr. lítra gasolíu og kr. 11.70 pr. lítra og hliðstætt fyrir svartolíu. Eftir þessa breytingu næmi niðurgreiðsla á gasolíuverðinu til útgerðarinnar alls 14.40 kr. pr. lítra eða mismuninum á kr. 20.20 og 5.80.

Um 3. gr.

Parfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Um 1. lið.

Vegna slakrar afkomu síldar- og fiskmjölsverksmiðja og erfiðs markaðsástands er eigi talið rétt að svo stöddu, að hækka frá því sem nú er, það gjald, sem innheimt er af f.o.b.-verðmæti útflutningsins.

Um 2. lið.

Við verðlagningu á loðnu til bræðslu á þeirri vertíð, sem nú er nýlokið, var ljóst þegar í upphafi að gripa yrði til innstæðna loðnuafurða í Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins. Var þetta afleiðing þess mikla verðfalls, sem orðið hafði á loðnumjöldi frá síðustu vertíð. Samkvæmt gildandi lögum og reglum Verðjöfnunarsjóðs, er ráð fyrir því gert, að greiðslur úr sjóðnum eða í hann skuli fara fram, þegar framleiðsla verðjöfnunartímabils hefur verið greidd og gjaldeyri skilað. Nú er þannig ástætt, að nokkur hluti framleiðslu loðnuvertíðarinnar er óseldur og afskipanir á því, sem selt hefur verið munu að hluta til dragast fram á síðari hluta ársins. Þetta mun valda framleiðendum verulegum erfiðleikum, þar sem beinn vinnslukostnaður, svo sem hráefni, vinnulaun og rekstrarvörur, verður að greiðast þegar við framleiðsluna. Vegna þessara sérstöku aðstæðna þykir rétt að veita heimild til fráviks frá gildandi reglu um greiðslur úr sjóðnum eins og hér er gert, en það mundi létta nokkuð undir með loðnuverksmiðjunum.

Sjóðsstjórnin mun, að fengnu samþykki sjávarútvegsráðherra, setja um það reglur hvernig slíkar greiðslur skuli framkvæmdar.

Um 3. lið.

Sú loðna, sem á land var komin 16. febrúar s.l., var greidd á eldra verði, sem miðaðist við eldra gengi og aðföng til vinnslunnar voru einnig keypt með sama hætti á eldra gengi fyrir þennan tíma. Telst því sanngjarnt, að afurðir framleiddar úr loðnu, sem landað hefur verið fyrir 16. febrúar s.l., greiðist á eldra gengi.